

# Lög

## um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

---

### 1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 109. gr. laganna, sbr. lög nr. 20/1994, skal um atkvæðagreiðslu um sameiningu sex sveitarfélaga á Vestfjörðum 2. desember 1995 gilda eftirfarandi:

Hljóti tillaga samstarfsnefndar skv. 108. gr. ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k.  $\frac{2}{3}$  þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k.  $\frac{2}{3}$  íbúa á svæðinu, er viðkomandi sveitarstjórnnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 20. nóvember 1995.*